



9.3.2018

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 135. mál á 148. löggjafarþingi

Tillaga til þingsályktunar um upptöku samræmdrar vísitölu neysliverðs

Eins og kemur fram í greinargerð með umræddri tillögu var hún áður lögð fram á 145. og 146. þingi en í síðara skiptið komu Hagsmunasamtök heimilanna á framfæri umsögn við tillöguna sbr. dbnr. 248 í innsendum erindum við málið. Með hliðsjón af ábendingum í þeirri umsögn var lagt fram frumvarp um afnám verðtryggingar lána til neytenda á þskj. 21. í 21. máli 147. löggjafarþings. Síðan þá hefur málefnið verið áfram til skoðunar af hálfu Hagsmunasamtaka heimilanna. Af þeim athugunum sem farið hafa fram ber nú til tíðinda að Hagstofa Íslands hefur tekið upp birtingu á vísitölu neysliverðs með og án húsnæðis á samanburðarhæfan hátt. Er það fagnaðarefni því slík upplýsingagjöf stuðlar að auknu gagnsæi og upplýstri umræðu um málefnið. Eftir að hafa skoðað þær upplýsingar og greint nánar telja samtökin að draga megi af þeim eftirfarandi ályktanir:

Áhrif húsnæðisliðar

Samkvæmt hagtölum Hagstofu Íslands stóð vísitala neysliverðs í 446,8 stigum í janúar 2018 en án húsnæðisliðar í 384,4 stigum. Með nokkurri einföldun má því segja að þetta jafngildi því að hér um bil 14% verðtryggðra skulda heimilanna megi rekja til áhrifa húsnæðisliðar vísitölnnar.

Af samanburði á þróun vísitölu neysliverðs með og án húsnæðis við hagtölur Seðlabanka Íslands um verðtryggð útlán til heimila má álykta að frá ársbyrjun 2013 hafi rúmlega 144 milljarðar króna lagst aukalega á verðtryggðar skuldir heimilanna, beinlínis vegna áhrifa húsnæðisliðar vísitölnnar.

Áhrif afnáms húsnæðisliðar

Rétt er að hafa í huga að afnám húsnæðisliðar úr vísitölu neysliverðs til verðtryggingar gæti líklega ekki haft afturvirk áhrif til skerðingar á kröfuréttindum bótafast. Á hinn bóginn verður þó að líta til þess að margvísleg fordæmi eru fyrir því að grundvelli vísitölu til verðtryggingar hafi verið breytt án þess að það hafi verið talið fela í sér ólögmeta skerðingu kröfuréttinda, að því gefnu að slík breyting komi aðeins til framkvæmda með framvirkum hætti.

Þar af leiðandi verður að meta allar hugmyndir um afnám húsnæðisliðar úr vísitölu til verðtryggingar með hliðsjón af væntingum um þróun verðlags til framtíðar, annars vegar á húsnæði og hins vegar á vöru og þjónustu. Þróunin upp á síðkastið hefur verið þannig að húsnæðisliðurinn hefur verkað til hækkunar á meðan vísitalan hefði án hans farið lækkanði. Þrátt fyrir það væri þó varasamt að ganga út frá því sem vísu að sambærileg þróun muni alltaf verða ríkjandi á öllum tímabilum.

Afstaða Hagsmunasamtaka heimilanna til verðtryggingar

Hagsmunasamtök heimilanna hafa frá upphafi krafist afnáms verðtryggingar lána heimilanna, einkum húsnæðislána. Með því er átt við að heimildir til verðtryggingar slíkra lána skuli fella brott úr lögum. Það krefst í raun aðeins einfaldrar lagabreytingar sem mætti gera nánast með “einu pennastriki” eins og stundum er sagt. Myndi það hafa þau áhrif til framtíðar að ekki yrði heimilt að veita ný verðtryggð lán en jafnframt þyrfti þá að taka afstöðu til þess hvernig fara eigi með eldri lán.

Vísitala neysliverðs án húsnæðisliðar náði hámarki sínu um mitt ár 2015 en síðan þá hefur hún farið lækkandi og stendur nú í svipuðu gildi og í ársbyrjun 2013. Á þessu tímabili hefur í raun átt sér stað verðhjöðnun á vörum og þjónustu á sama tíma og gríðarlegar hækkanir hafa orðið á húsnæðisverði. Má því með nokkurri einföldun líta svo á að öll íþyngjandi áhrif verðtryggingar á skuldir heimilanna undanfarin 5 ár eigi rætur sínar að rekja til þróunar húsnæðisliðar vísitölunnar.


Samkvæmt þessu gæti það verið heppileg leið til að draga úr neikvæðum áhrifum verðtryggingar á eldri verðtryggð lán heimilanna að fella húsnæðisliðinn brott úr vísitölu til verðtryggingar, samhliða því að afnema heimildir til verðtryggingar nýrra lána til neytenda. Þannig gæti verið hægt að koma til móts við þau heimili sem skulda eldri verðtryggð lán og myndu því að öðrum kosti ekki njóta góðs af afnámi verðtryggingar eins og nýir lántakendur. Samtímis því þyrfti jafnframt að koma böndum á vaxtastigið til að stuðla að viðráðanlegri greiðslubrýði nafnvaxtalána.

Eins og bent hefur verið á er samsetning og útreikningur vísitölu neysliverðs ekki aðeins ógagnsæ heldur er þeim beinlínis haldið leyndum fyrir neytendum. Enn fremur hefur nú komið í ljós að svo virðist sem grunnur vísitölunnar hafi verið breytt margoft síðan hún var tekin upp sem grundvöllur verðtryggingar og er enn önnur slík breyting fyrirhuguð nú í marsmánuði. Fyrir vikið er í raun ekkert einasta verðtryggt lán hér á landi innheimt samkvæmt því vísitöluviðmiði sem samið var um við lántökuna. Er því brýnt að upplýsa rækilega um allar slíkar breytingar og áhrif þeirra á skuldbindingar neytenda svo þeir geti leitað réttar síns vegna fjárhagslega íþyngjandi áhrifa þeirra.

Að þessu sögðu eru Hagsmunasamtök heimilanna hlynnt því að sú tillaga sem hér um ræðir verði samþykkt og fjármála- og efnahagsráðherra falið að láta greina kosti og galla þess að fella húsnæðislið brott úr vísitölu neysliverðs til verðtryggingar eða taka upp samræmda vísitölu neysliverðs í hennar stað. Slík greining gæti svo nýst sem grundvöllur áframhaldandi umræðu um málefnið og leiðarvísir í nauðsynlegum aðgerðum til að útrýma verðtryggingu neytendalána.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,




Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Fylgiskjöl:

1. Hagstofa Íslands, vísitala neysliverðs með og án húsnæðis, grunnur frá 1988
2. Hagstofa Íslands, vísitala neysliverðs, vogir fyrir undirvísitölur frá 1992



Hagstofa Íslands

Vísitala neysluverðs Vísitala neysluverðs án húsnæðis
Grunnur frá 1988 Grunnur frá 1988

1988

Maí	100,0	100,0
Júní	103,4	103,8
Júlí	107,0	106,5
Ágúst	109,3	108,7
September	110,0	109,6
Október	110,4	110,1
Nóvember	110,5	110,4
Desember	110,7	110,9

1989

Janúar	112,6	113,3
Febrúar	114,2	114,8
Mars	117,4	118,1
Apríl	119,9	120,6
Maí	122,3	123,1
Júní	125,9	126,9
Júlí	126,8	127,9
Ágúst	128,5	130,1
September	131,1	132,9
Október	133,7	135,0
Nóvember	135,7	136,8
Desember	138,6	139,8

1990

Janúar	139,3	140,2
Febrúar	141,5	141,8
Mars	142,7	142,8
Apríl	143,1	143,4
Maí	144,4	145,0
Júní	145,4	146,1
Júlí	146,4	147,2
Ágúst	146,8	148,4
September	146,8	148,3
Október	147,2	149,0

Vísitala neysliverðs Vísitala neysliverðs án húsnæðis**Grunnur frá 1988 Grunnur frá 1988**

Nóvember	148,2	150,3
Desember	148,6	150,7
1991		
Janúar	149,5	151,7
Febrúar	150,0	152,2
Mars	150,3	152,8
Apríl	151,0	153,2
Maí	152,8	155,0
Júní	154,9	156,3
Júlí	156,0	157,1
Ágúst	157,2	158,2
September	158,1	159,1
Október	159,3	160,4
Nóvember	160,0	161,1
Desember	159,8	161,0
1992		
Janúar	160,2	161,5
Febrúar	160,4	161,8
Mars	160,6	162,2
Apríl	160,6	162,3
Maí	160,5	162,6
Júní	161,1	163,3
Júlí	161,4	163,7
Ágúst	161,4	163,8
September	161,3	163,8
Október	161,4	163,9
Nóvember	161,4	163,9
Desember	162,2	164,9
1993		
Janúar	164,1	167,1
Febrúar	165,3	168,4
Mars	165,4	168,6
Apríl	165,9	169,1
Maí	166,3	169,6
Júní	166,2	169,4
Júlí	167,7	171,2
Ágúst	169,2	172,8
September	169,8	173,3
Október	170,8	174,7
Nóvember	170,8	174,8
Desember	169,9	174,2

Vísitala neysliverðs Vísitala neysliverðs án húsnæðis**Grunnur frá 1988 Grunnur frá 1988****1994**

Janúar	169,3	173,5
Febrúar	169,5	173,7
Mars	169,7	173,9
Apríl	169,9	174,1
Maí	169,9	173,7
Júní	170,1	173,9
Júlí	170,4	174,2
Ágúst	170,5	174,4
September	171,0	175,1
Október	170,8	174,7
Nóvember	170,7	174,5
Desember	170,8	174,4

1995

Janúar	172,1	175,3
Febrúar	172,3	175,6
Mars	172,0	175,2
Apríl	171,8	175,3
Maí	172,1	175,7
Júní	172,3	175,9
Júlí	172,8	176,5
Ágúst	173,5	177,3
September	174,1	178,0
Október	174,9	179,0
Nóvember	174,3	178,2
Desember	174,2	178,2

1996

Janúar	174,9	179,1
Febrúar	175,2	179,7
Mars	175,5	180,1
Apríl	175,8	180,3
Maí	176,9	181,5
Júní	176,7	181,3
Júlí	176,9	181,6
Ágúst	178,0	182,6
September	178,4	182,7
Október	178,5	182,8
Nóvember	178,6	182,8
Desember	177,8	182,1

1997

Janúar	178,4	182,5
---------------	-------	-------

Vísitala neysluverðs Vísitala neysluverðs án húsnæðis**Grunnur frá 1988 Grunnur frá 1988**

Febrúar	178,5	182,7
Mars	178,4	182,7
Apríl	179,7	184,1
Maí	179,4	183,7
Júní	179,8	183,9
Júlí	180,1	184,2
Ágúst	180,6	184,7
September	181,3	185,5
Október	181,9	186,3
Nóvember	181,7	186,0
Desember	181,4	185,8
1998		
Janúar	182,4	186,3
Febrúar	182,0	186,0
Mars	182,7	186,6
Apríl	183,1	186,5
Maí	183,7	187,2
Júní	184,0	187,5
Júlí	183,6	186,8
Ágúst	182,6	185,6
September	182,8	185,8
Október	183,6	186,5
Nóvember	184,1	187,0
Desember	183,7	186,4
1999		
Janúar	184,8	187,3
Febrúar	184,5	187,0
Mars	185,4	187,8
Apríl	186,4	188,3
Maí	187,3	189,5
Júní	188,8	190,6
Júlí	189,5	191,0
Ágúst	190,2	191,6
September	191,8	192,8
Október	193,3	194,1
Nóvember	193,3	194,1
Desember	194,0	194,5
2000		
Janúar	195,5	195,4
Febrúar	194,9	194,7
Mars	196,4	195,7

Vísitala neysliverðs Vísitala neysliverðs án húsnæðis**Grunnur frá 1988 Grunnur frá 1988**

Apríl	197,6	196,7
Maí	198,4	197,1
Júní	199,1	197,7
Júlí	200,1	198,9
Ágúst	199,1	197,6
September	199,5	197,9
Október	201,5	200,1
Nóvember	202,1	200,5
Desember	202,1	200,3
2001		
Janúar	202,4	201,0
Febrúar	202,8	201,1
Mars	204,0	202,5
Apríl	206,5	205,0
Maí	209,4	208,0
Júní	212,6	211,7
Júlí	214,2	213,5
Ágúst	214,9	214,1
September	216,3	215,7
Október	217,7	217,3
Nóvember	218,5	218,1
Desember	219,5	219,1
2002		
Janúar	221,5	221,0
Febrúar	220,9	220,2
Mars	221,8	221,2
Apríl	221,9	220,8
Maí	221,8	220,7
Júní	222,8	221,8
Júlí	223,0	221,8
Ágúst	221,8	220,2
September	222,9	221,1
Október	224,1	222,4
Nóvember	223,7	221,7
Desember	223,9	221,4
2003		
Janúar	224,7	221,7
Febrúar	224,3	220,9
Mars	226,7	223,3
Apríl	227,0	223,3
Maí	226,6	222,6

Vísitala neysliverðs Vísitala neysliverðs án húsnæðis**Grunnur frá 1988 Grunnur frá 1988**

Júní	226,8	222,6
Júlí	226,5	221,8
Ágúst	226,3	221,0
September	227,9	222,7
Október	229,0	223,7
Nóvember	229,3	224,1
Desember	230,0	224,7
2004		
Janúar	230,1	224,5
Febrúar	229,4	223,5
Mars	230,7	224,9
Apríl	232,0	225,9
Maí	233,9	227,4
Júní	235,7	228,7
Júlí	234,6	227,7
Ágúst	234,6	227,3
September	235,6	228,2
Október	237,4	229,8
Nóvember	237,9	229,8
Desember	239,0	230,5
2005		
Janúar	239,2	229,2
Febrúar	239,7	228,6
Mars	241,5	229,4
Apríl	242,0	228,3
Maí	240,7	227,4
Júní	242,4	228,2
Júlí	242,7	227,9
Ágúst	243,2	227,5
September	246,9	231,4
Október	248,4	232,5
Nóvember	248,0	231,5
Desember	248,9	232,0
2006		
Janúar	249,7	231,5
Febrúar	249,5	230,9
Mars	252,3	233,6
Apríl	255,2	236,1
Maí	258,9	239,6
Júní	261,9	242,0
Júlí	263,1	243,0

Vísitala neysluverðs Vísitala neysluverðs án húsnæðis**Grunnur frá 1988 Grunnur frá 1988**

Ágúst	264,0	243,7
September	265,6	245,2
Október	266,2	245,6
Nóvember	266,1	245,0
Desember	266,2	245,0
2007		
Janúar	266,9	245,3
Febrúar	268,0	245,3
Mars	267,1	243,2
Apríl	268,7	243,7
Maí	271,0	245,7
Júní	272,4	246,2
Júlí	273,0	245,9
Ágúst	273,1	245,0
September	276,7	247,8
Október	278,1	248,7
Nóvember	279,9	249,7
Desember	281,8	251,4
2008		
Janúar	282,3	251,0
Febrúar	286,2	254,9
Mars	290,4	258,7
Apríl	300,3	269,6
Maí	304,4	273,6
Júní	307,1	275,9
Júlí	310,0	278,3
Ágúst	312,8	280,8
September	315,5	284,3
Október	322,3	292,9
Nóvember	327,9	298,3
Desember	332,9	303,4
2009		
Janúar	334,8	304,7
Febrúar	336,5	308,5
Mars	334,5	309,0
Apríl	336,0	311,6
Maí	339,8	316,1
Júní	344,5	322,1
Júlí	345,1	323,9
Ágúst	346,9	326,1
September	349,6	328,9

Vísitala neysliverðs Vísitala neysliverðs án húsnæðis**Grunnur frá 1988 Grunnur frá 1988**

Október	353,6	332,5
Nóvember	356,2	335,7
Desember	357,9	337,8
2010		
Janúar	356,8	337,9
Febrúar	360,9	342,4
Mars	362,9	346,0
Apríl	363,8	346,9
Maí	365,3	347,9
Júní	364,1	346,3
Júlí	361,7	343,6
Ágúst	362,6	344,9
September	362,6	344,9
Október	365,3	347,7
Nóvember	365,5	348,0
Desember	366,7	349,5
2011		
Janúar	363,4	346,1
Febrúar	367,7	350,1
Mars	371,2	353,9
Apríl	374,1	356,2
Maí	377,6	358,8
Júní	379,5	360,7
Júlí	379,9	359,9
Ágúst	380,9	361,2
September	383,3	363,9
Október	384,6	365,0
Nóvember	384,6	364,4
Desember	386,0	365,7
2012		
Janúar	387,1	365,9
Febrúar	391,0	371,1
Mars	395,1	375,9
Apríl	398,2	378,7
Maí	398,1	378,4
Júní	400,1	380,7
Júlí	397,2	376,9
Ágúst	396,6	376,6
September	399,6	380,3
Október	400,7	382,1
Nóvember	402,0	383,5

Vísitala neysliverðs Vísitala neysliverðs án húsnæðis**Grunnur frá 1988 Grunnur frá 1988****Desember** 402,2 383,3**2013****Janúar** 403,3 384,1**Febrúar** 409,9 391,9**Mars** 410,7 392,5**Apríl** 411,5 392,0**Maí** 411,3 391,3**Júní** 413,5 393,6**Júlí** 412,4 391,2**Ágúst** 413,8 392,6**September** 415,2 394,2**Október** 415,2 393,7**Nóvember** 416,7 394,5**Desember** 418,9 395,8**2014****Janúar** 415,9 391,5**Febrúar** 418,7 394,9**Mars** 419,7 395,8**Apríl** 421,0 396,0**Maí** 421,3 395,7**Júní** 422,8 397,6**Júlí** 422,1 396,7**Ágúst** 423,1 397,4**September** 422,6 395,7**Október** 423,2 395,8**Nóvember** 421,0 393,4**Desember** 422,3 394,3**2015****Janúar** 419,3 389,2**Febrúar** 422,1 391,4**Mars** 426,4 395,4**Apríl** 427,0 395,6**Maí** 428,2 396,8**Júní** 429,3 398,2**Júlí** 430,0 398,3**Ágúst** 432,3 400,3**September** 430,6 397,8**Október** 430,9 397,0**Nóvember** 429,4 394,7**Desember** 430,8 395,8**2016**

Vísitala neysliverðs Vísitala neysliverðs án húsnæðis**Grunnur frá 1988 Grunnur frá 1988**

Janúar	428,3	391,6
Febrúar	431,2	394,3
Mars	432,8	396,1
Apríl	433,7	396,5
Maí	435,5	397,8
Júní	436,3	398,2
Júlí	434,9	396,0
Ágúst	436,4	396,5
September	438,5	396,1
Október	438,5	395,0
Nóvember	438,4	393,4
Desember	439,0	392,7
2017		
Janúar	436,5	388,0
Febrúar	439,6	390,3
Mars	439,9	389,2
Apríl	442,1	389,2
Maí	443,0	387,6
Júní	443,0	386,0
Júlí	442,9	383,8
Ágúst	444,0	384,5
September	444,6	383,7
Október	446,7	386,1
Nóvember	446,0	384,2
Desember	447,2	386,6
2018		
Janúar	446,8	384,4

Skýringar

Frá janúar 2008 miðast vísitalan við verðlag í að minnsta kosti vikutíma í kringum miðjan mánuð en fyrir þann tíma var vísitalan miðuð við verðlag tvo fyrstu virka daga hvers mánaðar.

Þann 23 desember var meðaltal ársins 2016 leiðrétt.

Hagstofa Íslands

Borgartún 21A, 105 Reykjavík

Kt. 590169-0809



Hagstofa Íslands

Visitala neysluverðs, vogir fyrir undirvísitölur frá 1992

	Visitala neysluverðs	01 Matur og drykkjarvörur	02 Áfengi og tóbak	03 Föt og skór	04 Húsnæði, hiti og rafmagn	05 Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.	06 Heilsa	07 Ferðir og flutningar	08 Póstur og sími	09 Tímstundir og menning	10 Menntun	11 Hótel og veitingastaðir	12 Aðrar vörur og þjónusta
Nóvember 1992	10.000	1.766	345	634	1.846	682	253	1.523	114	1.340	144	395	957
Mars 1997	10.000	1.705	314	650	1.731	594	321	1.580	126	1.411	99	535	933
Mars 1998	10.000	1.744	340	601	1.737	572	309	1.647	115	1.370	97	536	933
Mars 1999	10.000	1.697	331	564	1.749	543	310	1.765	173	1.323	101	525	919
Mars 2000	10.000	1.715	322	531	1.914	528	305	1.928	260	1.225	99	528	645
Mars 2001	10.000	1.685	328	523	1.847	519	388	1.800	396	1.242	103	541	628
Mars 2002	10.000	1.631	429	558	1.831	678	371	1.581	304	1.415	45	546	612
Mars 2003	10.000	1.518	468	527	2.028	610	382	1.555	314	1.394	79	513	611
Mars 2004	10.000	1.524	396	556	2.197	567	392	1.447	311	1.368	57	540	646
Mars 2005	10.000	1.442	369	526	2.548	557	410	1.323	314	1.284	55	536	636
Mars 2006	10.000	1.328	315	475	2.640	546	377	1.689	301	1.171	54	504	599
Mars 2007	10.000	1.250	292	447	2.795	652	353	1.553	276	1.186	59	483	653
Mars 2008	10.000	1.202	274	453	2.823	622	322	1.652	302	1.161	66	468	655
Mars 2009	10.000	1.434	328	581	2.540	780	337	1.262	348	1.084	74	496	734
Mars 2010	10.000	1.512	382	667	2.252	700	377	1.341	371	1.106	89	485	718
Mars 2011	10.000	1.463	358	597	2.409	664	371	1.510	391	1.028	96	454	659
Mars 2012	10.000	1.416	340	540	2.522	520	362	1.793	343	1.005	100	430	630
Mars 2013	10.000	1.461	341	511	2.536	449	376	1.747	333	1.030	116	457	641
Mars 2014	10.000	1.462	340	481	2.721	457	378	1.552	323	1.073	114	473	626
Mars 2015	10.000	1.448	312	446	2.819	431	393	1.551	329	1.026	121	519	606
Mars 2016	10.000	1.460	321	435	2.812	426	388	1.553	293	1.055	119	523	616
Mars 2017	10.000	1.349	280	376	3.251	408	393	1.471	240	1.011	92	505	625

Skýringar

Hlutfall af 10.000

Hagstofa Íslands

Borgartún 21A, 105 Reykjavík

Kt. 590169-0809

Númer vottorðs: IS 643927